

Mál nr. 150/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 12. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 19. mars 2021 hafi komið upp leki í íbúð í nýbyggingu í Kópavogi. Verið var að þrifa íbúðina þegar vatn tók að leka inn á baðherbergisgölf og fram á gang íbúðarinnar. Haft var samband við pípulagningarmeistara hússins sem kom á vettvang og opnaði vegg þar sem hann taldi lekann koma þaðan en eftir skoðun taldi hann lekann koma frá niðurfalli í gólfi þvottahúss íbúðarinnar. Að hans sögn hafði efri stykki vatnslássins verið dregið of langt upp við flísalögn og þannig farið úr sambandi við niðurfallið sjálft. Þannig hafði vatn komist á milli þegar vatni var hellt í vaskinn. Setti hann framlengingu á efra stykki niðurfallsins til að koma í veg fyrir frekara tjón. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu múrarameistarans A sem tryggður er í gegnum fyrirtækið X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 1. september 2021.

M rekur tjón á íbúðinni til sakar múrarameistarans A og vísar til tölvupósts frá A til V þar sem fram kemur að krans (toppur) á niðurfalli hafi hrokkið úr tengingu þegar flísalögn var í vinnslu hjá X. Telur M að með þessu hafi A viðurkennt mistök við flísalögn sem olli tjóni á þeirri íbúð sem um ræðir.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli í fyrsta lagi að M hafi ekki verið eigandi íbúðarinnar þegar tjónið átti sér stað. Í öðru lagi þar sem engin gögn eða matsgerð liggja fyrir sem sýni fram á að tjónið verði rakið til leka frá niðurfallinu og í þriðja lagi þar sem ekkert í gögnum málsins sýni fram á að starfsmenn X hafi gert mistök eða sýnt af sér saknæma háttsemi við vinnu sína í kringum niðurfallið. Að lokum bendir V á 40. gr. almennra skilmála félagsins þar sem fram kemur að viðurkenning vátryggs á skaðabótaskyldu skuldbindi aðeins hann en ekki félagið.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabotarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Ber M því sönnunarbyrði fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra og ólögmatra athafna eða athafnaleysis X, eða starfsmanna þess, eða annarra aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Af gögnum málsins verður ráðið að M seldi umrædda íbúð til B með kaupsamningi dags. 8. febrúar 2021, rúmum mánuði fyrir tjón það sem hér um ræðir. Var M þó enn þinglýstur eigandi íbúðarinnar samkvæmt afsali og verður að mati nefndarinnar ekki loku fyrir það skotið að sem seljandi og afsalshafi íbúðarinnar hafi M orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna lekans. Verður þar að leiðandi ekki fallist á frávísun vegna aðildarskorts. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að M hafi fyrst tilkynnt tjónið í ábyrgðartryggingu pípulagningarmeistara hússins en síðar hafi verið fallið frá þeirri kröfu og þess í stað gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V á þeim grundvelli að pípulagningarmeistarinn sem kom á vettvang þegar lekans varð vart taldi að tjónið mætti rekja til mistaka múrarameistarans A. Af samskiptum V við A verður ekki annað ráðið en að A hafi ekki komið á vettvang er tjónið varð og byggði hann afstöðu sína eingöngu á upplýsingum frá M en ekki eigin skoðun á vettvangi. Ekki er því fallist á það að A hafi með orðalagi sínu viðurkennt að hafa valdið því tjóni sem hér um ræðir. Af hálfu M hefur ekki verið lögð fram álits- eða matsgerð hæfra og óvillhallra aðila né önnur gögn sem sýna fram á það með ótvíræðum hætti að múrarameistarinn A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiddi til þess tjóns sem hér um ræðir þ.e. skemmdir á baðherbergi og á parketi fyrir framan baðherbergi og þvottahús íbúðarinnar. Einnig hafa engin gögn verið lögð fram sem sýna fram á að fyrrgreint tjón megi rekja til niðurfallsins í þvottahúsi íbúðarinnar, þvert á móti kemur fram í ástandsskoðun sem M aflaði og er meðal gagna málsins, að upp hafi komið leki innan veggjar/lagnastamma á milli baðherbergis og þvottahúss sem hafi ollið tjóninu. Með vísan til ofangreinds verður M að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Með vísan til ofangreinds á M því ekki

rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir